

Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga

Haldinn 11. nóvember 2022 kl. 13:00 í fundarsal Black Beach Tours Hafnarskeið 17, 815 Þorlákshöfn

Mættir voru 20 fulltrúar, þar af 15 með atkvæðarétt.

Fundur settur og starfsmenn fundarins kjörnir

Ása Valdís Árnadóttir formaður samtakanna, setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Lagði hún til að Páll Marvin Pálsson yrði fundarstjóri og Jóhannes Á. Jóhannesson fundarritari.

Samþykkt samhljóða

1. Inntaka nýrra sveitarfélaga

Tekin var fyrir beiðni Skaftárhrepps um að fá aðild að Samtökum orkusveitarfélaga.

Samþykkt samhljóma.

Tekin var fyrir beiðni Sveitarfélagsins Hornafjarðar um að fá aðild að Samtökum orkusveitarfélaga.

Samþykkt samhljóma.

2. Skýrsla stjórnar

Ása Valdís Árnadóttir fór yfir skýrslu stjórnar sem lögð var fyrir fundinn.

Skýrsla samþykkt.

3. Ársreikningar samtakanna 2020 og 2021

Valur Rafn Halldórsson fór yfir ársreikninga samtakanna fyrir árin 2020 og 2021.

Ársreikningarnir samþykktir.

4. Starfs- og fjárhagsáætlun samtakanna ásamt ákvörðun um árgjöld og þóknun stjórnar

Ása Valdís Árnadóttir fór yfir fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árin 2023-2024. Stjórnin lagði til að árgjöld verði hækkuð sem hér segir :

- að gjaldið fari úr 125.000 kr. í 150.000 kr. hjá þeim sveitarfélögum með innan við 5.000 íbúa
- að gjaldið fari úr 250.000 kr. í 300.000 kr. hjá þeim sveitarfélögum með 5.000 til 10.000 íbúa
- að gjaldið fari úr 375.000 kr. í 450.000 kr. hjá þeim sveitarfélögum með fleiri en 10.000 íbúa

Lagt var til að þóknun stjórnar verði óbreytt eða 20.000 kr. á stjórnarmann og 40.000 kr. á formann fyrir hvern fund.

Fjárhagsáætlun ásamt ákvörðunum um árgjald og þóknun stjórnar voru borin upp til samþykktar og voru samþykkt samhljóða.

5. Lagabreytingar

Ása Valdís Árnadóttir fór yfir tillögu stjórnar að breytingum á samþykktum samtakanna. Tillögurnar voru sendar út til aðildarsveitarfélaga með fundarboði. Fram kom viðbótartillaga frá stjórn um að fækka skuli aðalmönnum í stjórn úr sjö í fimm og varamönnum úr fjórum í þrjá.

Tillögur að breytingum á samþykktum samtakanna vor allar samþykktar.

6. Kosning formanns, annarra stjórnarmanna og varamanna til tveggja ára

Fyrir hönd stjórnar kynnti Páll Marvin Pálsson tillögu að nýrri stjórn, varastjórn og formanni. Lögð var fram eftirfarandi tillaga :

Aðalstjórn

Árni Eiríksson, Flóahreppur

Ása Valdís Árnadóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur – Formaður

Guðný Birna Guðmundsdóttir, Reykjanesbær

Jónína Brynjólfsdóttir, Múlaþing

Knútur Emil Jónasson, Þingeyjarsveit

Varastjórn

Einar Kristján Jónsson, Skaftárhreppur

Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus

Hafrún Olgeirsdóttir, Norðurþing

Tillögur voru síðan bornar upp.

Tillaga stjórnar að aðalstjórn samþykkt samhljóða.

Tillaga stjórnar að varastjórn samþykkt samhljóða.

Tillaga stjórnar að nýjum formanni samþykkt samhljóða.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna

Lagt var til að skoðunarmenn reikninga yrðu Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jón Valgeirsson sveitarstjóri Rangárþing ytra.

Tillögur um skoðunarmenn samþykktar samhljóða.

8. Önnur mál

Sævar Kristinsson frá KPMG kynnti vinnu við stefnumótun Samtaka orkusveitarfélaga.

Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. sagði frá vindorkuvettvangsferð til Danmerkur á vegum State of Green og danska sendiráðsins á Íslandi, í samstarfi við Grænvang.

Að loknum erindum þeirra Sævars og Vigfúsar hófust mikilvægar umræður um hagsmunamál samtakanna. Ýmsar skoðanir og hugmyndir komu þar fram.

Fundarslit

Ása Valdís Árnadóttir flutti lokaorð og þakkaði fundarmönnum fyrir komuna.

Fundi slitið kl: 15:00